Kópavogi, 10. nóvember 2026

Fyrirspurn um þjónustusamninga Kópavogsbæjar við einkarekin úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda

Í ljósi nýlegrar umfjöllunar Kveiks um einkarekin úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda óskar bæjarráð Kópavogs svara við eftirfarandi spurningum um þjónustusamninga Kópavogsbæjar við einkaaðila um slík úrræði og önnur sambærileg velferðarúrræði:

- Hvaða þjónustusamninga hefur Kópavogsbær gert við einkaaðila um úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda? Óskað er upplýsinga um viðsemjendur, gildistíma samninga, fjölda barna sem nýta hvert úrræði og hvort úrræðin eru rekin í hagnaðarskyni.
- Hver var heildarkostnaður Kópavogsbæjar vegna þessara samninga árin 2023, 2024 og 2025, hver er áætlaður kostnaður árið 2026 og hvað er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2027?
- Hvernig er gjald fyrir þjónustuna ákvarðað og liggja fyrir sundurliðaðar rekstrarforsendur að baki hverjum samningi?
- Eru í samningunum ákvæði um laun og hlunnindi stjórnenda, arðgreiðslur eða hagnað rekstraraðila, og hefur Kópavogsbær heimild til að kalla eftir ársreikningum og öðrum fjárhagsupplýsingum frá rekstraraðilum?
- Hvaða kröfur eru gerðar í samningunum um mönnun, menntun og fagþekkingu starfsfólks, og um aðbúnað þess með tilliti til álags og öryggis?
- Hvaða kröfur eru gerðar um faglegt starf, svo sem um einstaklingsbundnar áætlanir, skýr endurhæfingarmarkmið og reglulega skýrslugjöf til Kópavogsbæjar um árangur?
- Hvernig er eftirliti Kópavogsbæjar með framkvæmd samninganna háttað, hver ber ábyrgð á því og hversu oft fer það fram? Hafa athugasemdir verið gerðar við framkvæmd einstakra samninga, af hálfu Kópavogsbæjar eða Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, og ef svo er, hvernig var brugðist við?
- Hefur verið kannað hvort Kópavogsbær kaupi þjónustu af þeim úrræðum sem fjallað var um í umfjöllun Kveiks, og ef svo er, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

Óskað er eftir skriflegu svari fyrir næsta fund bæjarráðs. Svör verði sett fram með þeim hætti að ekki sé unnt að rekja upplýsingar til einstakra barna eða fjölskyldna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026